



# Fréttabréf Árskógarsskóla

13. tölublað, 2. árgangur, september 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Drepið á vélinni!



## Vísá september

Sunnudagur sagði:

Þorið þið að mæta mér?

Mánudagur flýtti sér.

Þriðjudagur þagði.

Miðvikudagur fór svo flatt,

að fimmtudagur um hann datt.

En föstudagur hljóp svo hratt

að hendur á hann lagði.

Laugardagur, byrstur mjög í bragði.

En þá var vikan liðin

og kyssti litlu börnin,

sem lásu og voru iðin.

Þetta er alveg satt.

Svo kemur næsta vika,

þá gengur það nú glatt.

## Kæra skólasamfélag

Skólalastarfið fer mjög vel af stað, jákvæðni, fagmennska og kátt fólk er einkenni á skólabragnum. Nýr starfsmaður bættist í frábæran starfsmannahóp nú nýlega en það er hún Guðrún Hulda Ragúels sem þekkir vel til skólalastarfs í Árskógi. Áður bættist Dagrún í hópinn og við fögnum komu þeirra og bjóðum þær velkomnar. Á sama tíma í fyrra fór mikil orka og tími í að standsetja húsnæði eftir flutninga og breytingar og móta fyrstu skrefin. Núna höfum við haft nægan tíma til að undirbúa nám og kennslu og höldum því af stað á annað starfsár Árskógarsskóla með fullt af hugmyndum og verkefnum sem vonandi ná til allra nemenda sem fá að njóta sín í leik og starfi á sínum forsendum. Við vonumst til að sjá ykkur oft í skólanum í vetur, alltaf velkomin.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Skóla-setning og Grænfáni = hátíð!

Miðvikudaginn 11. sept. kl. 10<sup>00</sup> er þér boðið á skóla-



setningu, vígslu nýs leiksvæðis og hyllingu Grænfána á nýrri stöng. Kakó og kleinur í boði. Við verðum úti og klæðið ykkur því eftir veðri.

## Gjöf frá Bruggsmiðjunni

Agnes og Ólafur komu fyrir hönd Bruggsmiðjunnar Kalda og í samráði við skólann og færðu Árskógarsskóla tvö þríhjól í mismunandi stærð og eitt jafnvægishjól. Það er frábært að hafa fengið fleiri hjól fyrir börnin til að hjóla á, á nýja útsvæðinu okkar. Viljum við þakka þeim kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf sem styrkir okkur í leik og starfi.



Gott að eiga góða að!

## Símanúmer

Aðalnúmer: 460-4970

Skólastjóri: 460-4971

Kötlukot: 460-4973

Félagsheimili: 460-4979

## Gangbraut

Í Árskógar skóla gerum við allt hvað við getum til að auka og tryggja öryggi barnanna okkar. Hér koma bílar af öllum stærðum og gerðum svo hættur leynast hér sem annars staðar. Vinnuskólinn kom og málaði gangbraut frá skóla og yfir á leiksvæði vestan skólans.

**Við biðjum þig að fara sérstaklega varlega í kringum skólann okkar í Árskógi, allra okkar vegna.**



## Nemendaráð 2013-2014

Þessir hressu nemendur voru kosnir í nemendaráð vetrarins: Smári, Sandra, Hafrún, Aníta, Júnía. Það verður fjór samkvæmt kosningaloforðum!!! [Sjá allt um nemendaráð hér.](#)

## Samkennsla skólastiga

Í vetur er **markviss samkennsla skólastiganna tveggja, leik- og grunnskólastigs**, sett í stundaskrá tvisvar í viku. Á þriðjudögum og fimmtudögum kenna okkar frábæru leik- og grunnskólakennarar saman tveim elstu árgöngum leikskólastigs og tveim yngstu bekkjum grunnskólastigs 80 mínútur í senn. Í þessum tímum er lögð áhersla á skapandi nám gegnum leik, útikennslu og upplýsinga og tæknimennt. Þetta er frumraun okkar á þessu sviði sem fastur liður (stigin eru sífellt í samstarfi) en miðað við fyrstu skrefin verður þetta einungis gott og jákvætt skref í okkar skólaþróun enda **afburða gott starfsfólk og frábærir nemendur** og ekki skemmir námsumhverfið.)



## Opnunartími og skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.



Vinsamlegast kynnið ykkur **skóladagatal 2013-2014** svo allt sé á hreinu!



*Myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er bíll)!*

# Viðburðadagatal september 2013

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

2	3  Kristinn 12 ára	4 Rýmingaræfing með slökkviliðsstjóra	5	6 UNICEF-hlaup	7  Árskógar skóli 1 árs	8  Allan 7 ára
9 Bókadagur Allir mega koma með bækur að heiman 	10 <b>Fundur fyrir            foreldra um            skólastarfið kl.            16:30</b> <b>Aðalfundur            foreldrafélagsins            kl. 17:30</b>	11 Vígsla leiksvæðis og Grænfána- hylling. Skóla- setning og opið hús! 	12	13	14	15
16  Þórhildur 9 ára	17 Göngudagur/ útivist 	18	19	20	21	22
23	24	25	26 Samræmd próf 4. og 7. bekk Íslenska	27 Samræmd próf 4. og 7. bekk Stærðfræði 	28	29
30						